

Staðlað upplýsingaskjal um vátryggingu

Í þessu skjali finnur þú allar helstu upplýsingar um trygginguna. Vakin er athygli á því að atriði sem talin eru upp hér fyrir neðan eru ekki tæmandi listar heldur algeng og lýsandi atriði sett fram í þeim tilgangi að gefa þér góða mynd af tryggingunni í stuttu máli. Nákvæmari upplýsingar er að finna í skilmálum tryggingarinnar. Nýjustu skilmála og frekari upplýsingar um trygginguna finnur þú á [tm.is](#) og í TM appinu. Ef þú kaupir trygginguna færðu skírteini og þá skilmála sem gilda í þínu tilviki og getur þar séð nákvæmlega hvernig tryggingavernd þinni er háttað. Þú getur alltaf nálgast yfirlit yfir þínar tryggingar og iðgjöld í TM appinu.



Hvað bætir tryggingin?

- ✓ Vatnstjón.
- ✓ Brot á rúðugleri.
- ✓ Innbrot.
- ✓ Fok og óveður.
- ✓ Brot og hrun.
- ✓ Sótfall.
- ✓ Slyss á byggingarstað.
- ✓ Skaðabótaábyrgð húseiganda.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Hvað bætir tryggingin ekki?

- ✗ Utanaðkomandi vatn.
- ✗ Stífla í frárennslislögnum utanhúss.
- ✗ Sá hluti húseignar sem olli tjóni, t.d. sjálf rörin í húsinu, er aldrei bættur.
- ✗ Slys sem iðnmeistarar, verktakar eða starfsmenn þeirra verða fyrir.
- ✗ Tjón vegna rangrar eða ófullkominnar hönnunar eða útreikninga
- ✗ Tjón vegna notkunar á röngu eða gölluðu efni
- ✗ Afleitt tjón

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Eru einhverjar sérstakar takmarkanir?

- ! Tryggingafjárhæðin er ákveðin út frá áætluðum heildarbyggingarkostnaði ásamt verðmæti lausafjár.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Hvar gildir tryggingin?

✓ Á þeim byggingarstað og fyrir þá húseign sem tilgreind er á skírteini.



Hverjar eru mínar skyldur?

Tilkynna TM um breytingar á vinnuaðferð og framgangi byggingarframkvæmda.

Tilkynna um athugasemdir opinberra eftirlitsstofnana.

Tryggja að umbúnaður á byggingarstað sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Skylda er að hafa byggingarstjóra.



Hvenær og hvernig greiði ég fyrir trygginguna?

Almennt er hægt að velja um nokkrar leiðir til að greiða fyrir trygginguna, þ.e. í einu lagi við útgáfu og hverja endurnýjun, með greiðsludreifingu í netbanka eða með kreditkort.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin gildir almennt í 12 mánuði frá því tímamarki sem getið er í skírteini og endurnýjast sjálfkrafa sé henni ekki sagt upp á því tímabili. Þegar komið er brunabótamat á húseignina og hægt er að gefa út fasteignatryggingu fellur þessi trygging úr gildi.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

Almennt er hægt að segja tryggingunni upp hvenær sem er á tryggingartímabilinu með skriflegri uppsögn ef þú færir þig til annars tryggingafélags eða hefur ekki lengur þörf fyrir hana. Löggjald er þó greitt fyrir þann hluta tímabilsins sem tryggingin var í gildi.